

Ársæll steig yfir kvótalínuna



Fimm gangráðar í sjö aðgerðum



FASTEIGNASALAN
TORG
KRAFTUR TRAUST ÁRANGUR

Lífið > 16

Lífið > 17

FRÉTTABLAÐIÐ

26. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

frettabladid.is

ÞRIÐJUDAGUR 8. FEBRÚAR 2022



Mikið gekk á í veðurofsanum sem gekk yfir landið í gær líkt og sjá má á þessu strætóskeyli í Hlíðunum í Reykjavík. Rauðar og appelsínugular viðvaranir voru í gildi um allt land og skólahald féll víða niður. Í dag er í gildi gul veðurviðvörðun á höfuðborgarsvæðinu, Suðurlandi, Faxaflóa, Breiðafirði og á Vestfjörðum. Á morgun má svo búast við blíðari veðurskilyrðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Lykilgögn seint í hendur leitarstjóra

Rakning á síma Bandaríkjamannsins Josh Neuman sýndi síðdegis daginn sem flugvélin TF-ABB hvarf nákvæmlega hvar hana var að finna í Þingvallavatni. Leit var þó ekki beint þangað sérstaklega fyrr en morguninn eftir.

gar@frettabladid.is
jonthor@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Svo virðist sem mikilvæg grundvallargögn, vegna leitarinnar að flugvélinni TF-ABB sem hvarf síðastliðinn fimmtudag, hafi ekki borist til stjórnenda leitarinnar fyrr en löngu eftir að einhverjir björgunarsveitarmannanna voru komnir með þau í hendur.

Tafði það leitina að vélinni fram á næsta dag.

Um klukkan sjö á fimmtudagskvöld fékk Fréttablaðið í hendur mynd úr leitarforritinu Find My iPhone. Sýndi hún rakningu á farsíma Bandaríkjamannsins Josh Neuman, eins þeirra sem voru um borð í flugvélinni. Fylgdi sögunni að þessi gögn væru komin í gagnagrunn björgunarsveita. Munu þau einnig hafa gengið milli manna í flugheiminum hér heima. Taldi Fréttablaðið víst að stuðst væri við fyrrnefnd símagögn við leitina.

Það var þó ekki fyrr en morguninn eftir, á föstudag, sem stjórnendur leitarinnar kváðust hafa fengið ný gögn frá erlendu símafyrtæki og upphófst þá sú mikla leit í Ölfus-



Leitarforrit staðsetti farsíma farþega í TF-ABB þar sem vélin fannst.

vatnsvík sem leiddi til þess að TF-ABB fannst á 48 metra dýpi á botni vikurinnar um miðnæturvil sama dag.

Oddur Árnason, yfirlögregluþjónn á Suðurlandi, segir að lögreglan hafi fengið upplýsingar um

umrædd merki frá símanum nóttina eftir að leit að vélinni hófst, það er að segja aðfaranótt föstudags. Leit í Þingvallavatni hafi verið hafin en upplýsingarnar úr símanum hafi gefið betri mynd af staðsetningu vélarinnar. Greint var frá símagögnunum á vef blaðsins á föstudag.

Aðspurður kveðst yfirlögregluþjónninn ekki vilja gefa upp nákvæmlega klukkan hvað lögreglu bærust gögnin úr símanum, að öðru leyti en því að þau hafi komið nóttina eftir að leit hófst. Á föstudag greindi Fréttablaðið frá því að þessi gögn hefðu legið fyrir á fimmtudag. Oddur segist ekki vita hvers vegna þau hafi borist lögreglu svo miklu síðar. „Ég bara veit það ekki“, svarar Oddur Árnason. ■

Borgin gagnrýnir áætlun Katrínar

STJÓRNSÝSLA Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar gagnrýnir nýja framkvæmdaáætlun Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra í málefnum hinsegin fólks.

Telur borgin ekki nóg um framkvæmdir í áætluninni og að ekki fylgi henni nægt fjármagn.

Drög að áætluninni voru lögð fram í lok janúar og er hún í 17 liðum.

Aðeins er gert ráð fyrir aukafjármagni í tveimur liðunum, fjörutíu milljóna króna framkvæmdasjóði sem nýttur verður á fjögurra ára tímabili og fimm milljónum króna í kortlagningu á bæði stöðu og réttindum hinsegin fólks á Íslandi.

SJÁ SÍÐU 6



Fjórhljadrifinn



Alrafmagnaður

e-tron 55

Audi e-tron 55 Quattro Advanced Verð 10.990.000 kr.

HEKLA · Sími 590 5000 · Laugavegur 170 · hekla.is/audisalur



Sabine og Hjálmar vilja sitja áfram í borgarstjórn en fleiri gefa kost á sér í þeirra sæti. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Mikil smölun í Samfylkinguna

mhj@frettabladid.is

STJÓRN MÁL Yfir 1.500 manns höfðu skráð sig ýmist í Samfylkinguna eða sem stuðningsmenn flokksins áður en kjörskrá var lokað vegna prófkjörs Samfylkingarinnar fyrir borgarstjórnarkosningar sem fer fram um næstu helgi. Áður en prófkjörsbaráttan fór af stað voru rúmlega 4.500 á kjörskrá en samkvæmt heimildum blaðsins höfðu rétt innan við þrjú hundruð nýir félagsmenn verið skráðir í flokkinn og yfir 1.200 skráð sig sem stuðningsmenn þegar kjörskránni var lokað á föstudag. Þetta þýðir að fjórðungur þeirrar flokksskrár sem miðað verður við er nýskráningar.



Mikil barátta er um þriðja til fimmta sæti á lista flokksins.

Enginn gefur kost á sér gegn þeim Degi B. Eggertssyni og Heiðu Björgu Hilmisdóttur í fyrsta og annað sæti á lista flokksins en töluverð barátta er um næstu sæti. Meðal þeirra sem takast á um þriðja sætið eru borgarfulltrúarnir Skúli Helgason og Hjálmar Sveinsson og Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu. Sabine Leskopf og Ellen Calmon vilja einnig halda áfram og vera í örugum sætum og meðal þeirra sem keppa við þær um örugg sæti eru Ólöf Helga Jakobsdóttir, Sara Björg Sigurðardóttir og Guðný Maja Riba. ■

Gengið eftir Ægisíðunni



Þessi maður nýtti tækifærið og viðraði hundinn sinn á Ægisíðunni þegar veðrinu slotaði á höfuðborgarsvæðinu í gær eftir stormasama nótt og morgun í rauðri viðvörun. Hundurinn virtist, ekki síður en eigandi hans, ánægður með útiveruna og ferska sjávarloftið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fjöldi tilkynninga um peningaþvætti í spilakössum

birnadrofn@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Á síðustu fimm árum hafa skrifstofu fjármálagreininga lögreglu borist samtals 34 tilkynningar þar sem grunur var um að spilakassar væru notaðir við peningaþvætti. Þetta kemur fram í svari dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Andréssi Inga Jónssyni, þingmanni Pírata, um peningaþvætti með spilakössum. Árið 2017 barst fjármálagreiningu lögreglu engin tilkynning þar sem grunur lék á að spilakassar hefðu verið notaðir við peningaþvætti. Ári síðar voru slíkar tilkynningar átta, árið 2019 voru þær ellefu, árið 2020 14 og á síðasta ári þrjár. ■

Öfgarnar í veðrinu alls ekki nýjar af nálinni hér á Fróni

Veðrið hefur boðið upp á margar útgáfur að undanfögnu. Fyrir nokkrum dögum var hátt í 20 stiga hiti á Austfjörðum og lítill snjór á Akureyri. Þar er nú allt á kafi í snjó og vindurinn blæs sem aldrei fyrr.

benediktboas@frettabladid.is

VEÐUR „Það eru ákveðnar sveiflur í gangi en við höfum séð þetta allt áður,“ segir Birta Líf Kristinsdóttir, veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands. Veðuröfgarnar það sem af er ári eru fjölmargar, sem eftir vill toppaði sig á sunnudagsnóttina þegar Suðvesturlandið var undir rauðri viðvörun og landið allt á appelsínugulri. Þjóðin beið því heima til hádegis og flestir biðu af sér veðrið við stofuborðið í faðmi fjölskyldunnar.

Hvassviðri hafa verið tíð það sem af er ári og töluvert um samgöngutruflanir og foktjón. Sjór hefur gengið á land og valdið tjóni bæði á Austur- og Suðvesturlandi. Þó er stutt síðan hiti mældist 17,6 stig, í Bakkagerði á Austurlandi. „Viðvaranir sem voru gefnar út í janúar jafnast á við helminginn af öllum viðvörunum sem gefnar voru út í fyrra þannig að það má alveg segja að janúar hafi verið hressilegur,“ segir Birta. Hún bendir þó á að síðasti vetur hafi verið frekar rólegur.

Hún segir að það hafi verið mikil mildi að hitastigið féll ekki síðustu nótt og kófið hafi breyst í slyddu. „Mesti óvissuþátturinn var með úrkomuna og ef veðrið hefði haldist í snjókomu hefðu afleiðingarnar verið verri. En það var mildi að þetta fór út í rigningu. Snjórinn hefði þannig hlaðist upp og myndað skafla sem hefðu stíflað



Veðurveðvaranir í janúar jafnast á við helminginn af öllum viðvörunum sem gefnar voru út í fyrra. Áfram er spáð vindasömum dögum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Mesti óvissuþátturinn var með úrkomuna og ef veðrið hefði haldist í snjókomu hefðu afleiðingarnar verið verri. En það var mildi að þetta fór út í rigningu.



Birta Líf Kristinsdóttir, veðurfræðingur



Hiti mældist 17,6 gráður í Bakkagerði á Borgarfirði eystri 21. janúar.

allt. Það var mjög blint í þessu veðri og á tímabili var skyggni í Reykjavík rétt um 100 metrar.“ Samkvæmt Veðurstofunni mældist mánaðarúrkoman 142 millimetrar í Reykjavík í janúar sem er 63 prósentum yfir meðallagi tímabilsins 1991 til 2020. Þá var landið snjólétt í janúar en borgin var alhvít fimm daga en níu á Akureyri. Og þó að stóri hvellurinn sé búinn er enn vindasamt, með mikilli ölduhæð og jafnvel eldingum. ■

Hvernig er draumasófinn þinn?

Handgerðir íslenskir sófar

- Margar útfærslur í boði
- Mikið úrval áklæða
- Engin stærðartakmörk
- Sérsmíði eftir þínum óskum

Sjá nánar á patti.is



Kíktu í heimsókn!

Opíð virka daga kl. 10-18 Laugardaga 11-15


Bildshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - patti.is





NÚ SMYRJUM VIÐ UPP Á NÝTT!

Nú liggur allt upp á við. Nýttu þér sértíloð á smurþjónustu hjá öllum viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota til 25. febrúar.



Sértíloð á olíum, olíusíum, loftsíum, frjókornasíum, bensín- og hráolíusíum, þurrkublöðum, þurrkugúmmíi, perum, rúðuvökva, frostlegi, Adblue og þjónustu.*

Engin vandamál – bara lausnir

*Afsláttur af vörum gildir eingöngu með þjónustu á staðnum.

● Toyota Kaupþúni	— Kaupþúni 6	Garðabæ	570 5070
● Toyota Akureyri	— Baldursnesi 1	Akureyri	460 4300
● Toyota Selfossi	— Fossnesi 14	Selfossi	480 8000
● Toyota Reykjanesbæ	— Njarðarbraut 19	Reykjanesbæ	420 6610
● Arctic Trucks	— Kletthálsi 3	Reykjavík	540 4900
● Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	— Bæjarflöt 13	Reykjavík	440 8000
● Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	— Skemmuvegi 16	Kópavogi	440 8000
● Nethamar	— Garðavegi 15	Vestmannaeyjum	481 1216
● Bílatangi	— Suðurgötu 9	Ísafirði	456 4580
● Bifreiðaverkstæði KS	— Hesteyri 2	Sauðárkróki	455 4570
● Bílaleiga Húsavíkur	— Garðarsbraut 66	Húsavík	464 1888
● Bílaverkstæði Austurlands	— Miðási 2	Egilsstöðum	470 5070
● Bílageirinn	— Grófinni 14a	Reykjanesbæ	421 6901

Lagði fram kæru vegna hrossaskorts í hesthúsi nágranna

kristinnhaukur@frettabladid.is

MOSFELLSBÆR Eigandi hesthúss í Mosfellsbæ sendi nýlega inn kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála vegna þess að nágranni hans var ekki með hesta í sínu húsi. Notaði hann hesthús sitt frekar sem geymslu sem kærandinn taldi ólöglegt.

Kæran beindist að ákvörðun byggingarfulltrúa sem gerði ekki

athugasemdir við notkunina. Málið var tekið fyrir hjá nefndinni og úrskurðað að ákvörðun byggingarfulltrúans stæði. Hann hefði uppfyllt skyldu sína með því að skoða aðstæður og komast að því að notkunin færi ekki í bága við lögbundna notkun og að almannahagsmunum væri ekki raskað.

Kærandinn taldi að notkun nágrannans á hesthúsinu sem geymslu væri brot á lóðaleigusam-

ingnum, en hann er sameiginlegur fyrir fjóra sameiginlega leigutaka. Húsin skyldu notast sem hesthús.

»

Nágranninn taldi ekki hægt að þvinga sig til að eignast hross.

Hefði bærinn skyldur til að hlutast til um að samningurinn væri virtur. Geymsla nágrannans á hlutum, svo sem gömlum gúmmimottum, dekkjum, plasti sem væri að brotna niður og gamalli hestakerru væri hinum til ama.

Granninn benti hins vegar á að eignarréttur hans væri verndaður í stjórnarskrá. Hús hans væri hesthús, þó að ekki væru hestar þar tímabundið. „Þótt ekki séu hross

þar tímabundið sé ekki hægt að beita lagaákvæðum og dagsektum til að þvinga hann til að eignast hesta og halda þá í húsinu,“ segir í úrskurðinum.

Að geymsla muna í lokuðu húsnaði geti verið öðrum til ama sé óskiljanlegt. Þar séu meðal annars handverkfæri til söðlasmíði, starfsgreinar sem sé örjúfanlegur þáttur hestamennsku og „fráleitt að amast við slíkum tólum í hesthúsi.“ ■



UNICEF sér um flutning á bóluefnum innan þróunarrikja. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Veita UNICEF hundruð milljóna

birnadrofn@frettabladid.is

COVID-19 Utanríkisráðuneytið mun verja 250 milljónum króna í stuðning við UNICEF til að hraða dreifingu og aðgengi að bóluefni gegn Covid-19 í þróunarrikjum.

Á vef Stjórnarráðsins segir að Ísland hafi tekið virkan þátt í alþjóðlegum aðgerðum til stuðnings baráttu þróunarrikja gegn áhrifum faraldursins en auk framlagsins til UNICEF hafa stjórnvöld veitt rúmum milljarði króna til COVAX-bóluefnasamstarfsins. ■

Nöfn þeirra sem létust í flugslysinu

hJORVARO@FRETtABlADID.IS

ANDLÁT Nöfn manna fjögurra sem létust í flugslysi á Þingvöllum síðastliðinn fimmtudag og fundust í Þingvallavatni á sunnudaginn eru Haraldur Diego, Nicola Bellavia, Josh Neuman og Tim Alings.

Haraldur var flugstjóri flugvélarinnar en hann var fæddur 12. apríl 1972.

Nicola, 32 ára Belgí, Josh, 22 ára Bandaríkjamadur og Tim, 27 ára Hollendingur, voru farþegar um borð í flugvélinni. ■

Áætlanir um meðferðarheimili fyrir alkóhólista sagðar komnar í uppnám

Reykjavíkurborg og Bláa bandinu ber ekki saman um hvort borgin hafi gert hópi sem vildi nýta Viðines á Álfsnesi fyrir meðferð alkóhólista að skila húsinu. Tekist er á um sjúkratryggingar og faglegar kröfur.



Á Viðinesi stóð til að opna meðferðarheimili með rúmum fyrir um fimmtíu alkóhólista. Málið er komið í uppnám að sögn Arnars Hjálmtýssonar hjá Bláa bandinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

bth@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Arnar Gunnar Hjálmtýsson, sem berst fyrir meðferðarheimili í Viðinesi á Álfsnesi, segir sorglegt að ríkið sjái sér ekki fært að leggja fé til starfsemi meðferðar í húsinu. Svör hafi borist frá heilbrigðisráðuneyti og félagsmálaráðuneyti sem setji áætlanir í uppnám. Þá vilji borgin sölsa húsið undir sig.

„Við vorum nýbúin að fá húsið en þurfum nú að skila því aftur,“ segir Arnar.

Nokkrir félagar í Bláa bandinu tóku Viðines á leigu af Reykjavíkurborg síðastliðið haust og sáu tækifæri í að opna meðferðarheimili. Rökin voru að með því myndi létta álagi af sjúkrahúsinu Vogí og Landspítalanum og biðtími sjúklinga styttest mjög.

Arnar segir það ólýsanleg vonbrigði að mál séu komin í þennan farveg.

„Þetta er gríðarlega sorglegt. Við ætludum meðal annars að bjóða upp á meðferð fyrir útlendinga, ekki síst Pólverja. Hér búa 23.000 Pólverjar og þeim gagnast ekki meðferð á Vogí vegna tungumálaerfiðleika.“

Arnar hefur sjálfur um árabíla rekið meðferðarheimili fyrir um 50 heimilislauða alkóhólista. Rekstraráætlun sem Fréttablaðið hefur undir höndum gerir ráð fyrir

”

Borgin hefur sýnt því skilning að tíma geti tekið að ná samningum við ríkið og ráðuneytið.



Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri

einum lækni á Viðinesi, tveimur hjúkrunarfræðingum og fimm ráðgjöfum. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst þyrfti heimilið um 300 milljónir af opinberu fé til rekstrar til að byrja með.

Samið var við Reykjavíkurborg um leigu á Viðinesi til fjögurra ára. Arnar segir að vel færi á að meðferðarstarf væri í húsinu, því Viðines hafi verið byggt af frumkvöðlum í AA í félagsskapnum Bláa bandinu sem hafi fært borginni húsið að gjöf árið 1996.

„Það sem staðið hefur á er að Bláa bandið nái samningum við heilbrigðisráðuneytið og Sjúkratryggingar um reksturinn,“ segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóri.

„Engin leiga hefur enn þá verið greidd en borgin hefur sýnt því skilning að tíma geti tekið að ná samningum við ríkið og ráðuneytið,“ bætir Dagur við. Hann neitar því aðspurður að Reykjavíkurborg

hafi gert Bláa bandinu að afhenda borginni aftur húsið.

Fimmtíu rúm eru tilbúin fyrir vistmenn á Viðinesi, en með öllu er óvíst hvort þau verða nokkru sinni nýtt. Í svari frá heilbrigðisráðuneytinu við fyrirspurn Fréttablaðsins segir að samkvæmt þeim upplýsingum sem Bláa bandið hafi sent til ráðuneytisins falli fyrirætluð þjónusta í Viðinesi ekki undir heilbrigðisþjónustu. Um sé að ræða mikilvæga þjónustu áþekka því sem rekin er í Krýsuvík og flokkist undir félagsþjónustu.

„Fulltrúum Bláa bandsins hefur verið bent á að ef þeir hafa áform um að bjóða upp á meðferð sem telst heilbrigðisþjónusta þurfi þeir að kynna sér þær faglegu kröfur hjá Embætti landlæknis sem liggja til grundvallar reksturs heilbrigðisþjónustu sbr. sjöttu grein laga um landlækni og lyðheilsu,“ segir í skriflegu svari frá ráðuneytinu. ■

ALVÖRU BREYTTIR RAFBÍLAR

JEEP WRANGLER RUBICON PLUG-IN HYBRID

35" BREYTING

40" BREYTING

KOMDU OG REYNSLUAKTU 40" BREYTTUM PRUFUAKSTURSBÍL

5 ÁRA ÁBYRGÐ

8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAFHLOÐU

PLUG-IN HYBRID

ISBAND

UMBODSADILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep | 4xe



PARKET - FLÍSAM - HURÐIR

VETRAR ÚTSALA

VERÐDÆMI

KRONOTEX HARÐPARKET

8 mm AC4 VERÐ FRÁ 1.590 KR. m²

10 mm AC5 VERÐ FRÁ 2.990 KR. m²

12 mm AC5 VERÐ FRÁ 3.890 KR. m²

VIÐARPARKET

KÄHRS 3JA STAFAR VERÐ FRÁ 5.990 KR. m²

BJELIN PLANKAPARKET VERÐ FRÁ 5.990 KR. m²

VÍNYLPARKET

VERÐ FRÁ 4.290 KR. m²

VEGG- & GÓLFFLÍSAM

30x60 cm hvítar veggflísam VERÐ FRÁ 2.990 KR. m²

60x60 cm vegg- og gólf flísam VERÐ FRÁ 4.290 KR. m²

RINGO INNIHURÐIR

HVÍT HURÐ VERÐ FRÁ 39.990 KR.

20% afsláttur af öllum fylgihlutum fyrir hurðir

40% AFSLÁTTUR AF FYLGIHLOTUM
FYRIR PARKET OG FLÍSAM

Birgisson®

Hið opinbera tryggi að líkhús séu til staðar

kristinnhaukur@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Jódís Skúladóttir, þingmaður Vinstri grænna, hefur lagt fram þingsályktunartillögu til að greiða úr lagaóvissu um rekstur líkhúsa. Tvö sveitarfélög, Langanesbyggð og Múlaþing, hafa lent í vandræðum vegna þessarar óvissu.

Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir viku hafa kirkjugarðarnir reynt að leysa úr málinu um áratugaskeið en stjórnvöld daufheyrst við. Auk áðurnefndra vandræða hefur óvissan skapað lakari aðstöðu í líkhúsum landsins.

Jódís segir stöðuna í Múlaþingi uppsprettuna að því að hún ákvað að skoða málið nánar. Meðflutningsmenn hennar eru tvær aðrar þingkonur Norðausturkjördæmis, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir og Línéik Anna Sævarsdóttir.

”Ég tel farsælast að hið opinbera tryggi með lögum hver ber ábyrgð á að þau séu til staðar þar sem þeirra er þörf.

Jódís Skúladóttir, þingkona Vinstri grænna

„Ég er vongóð um að þingsályktunartillaga mín sem var dreift nú fyrir helgi komi til með að varpa ljósi á umfang og stöðu málsins,“ segir Jódís. Samkvæmt tillögunni er dómsmálaráðherra falið að skipa starfshóp til að gera úttekt á aðstöðu til umönnunar og geymslu líka, aðgengi að líkhúsum og regluverkinu og gera úrbætur á því fyrir 1. maí.

Í svari ráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins fyrir viku kom fram að enginn væri skyldugur til að reka líkhús og ráðuneytið myndi kanna lagaumhverfið.

„Ég tel farsælast að hið opinbera tryggi með lögum hver ber ábyrgð á að þau séu til staðar þar sem þeirra er þörf. Hver á endanum sér um rekstrarhlutann er ekki mitt að dæma um,“ segir Jódís spurð um hvernig hún sjái rekstrarfyrirkomulagið fyrir sér. Í dag er það mismunandi eftir sveitarfélögum. Hún segist líta á málið sem þjónustumál, það er að rekstur líkhúsa sé þjónusta við aðstandendur látinna og almenning. ■

Akureyrskir kettir eygja von um lausagöngu

bth@frettabladid.is

AKUREYRI Meirihluti bæjarbúa á Akureyri vill hnekkja fyrirhuguðu lausagöngubanni katta samkvæmt nýrri könnun. Gallup spurði íbúa um afstöðu til lausagöngu, sem að óbreyttu verður bönnuð frá og með ársbyrjun 2025.

Ákvörðun bæjarins síðasta ár vakti mikla úlfúð jafnt innan bæjar sem utan og er ekki að undra, því samkvæmt niðurstöðum Gallup eru 39 prósent hlynnt banninu en 46 prósent andvig banninu. Um 15 prósent eru hlutlaus.

Niðurstaðan varð til þess að Hilda Jana Gísladóttir bæjar-



Hilda Jana Gísladóttir, bæjarfulltrúi

bæjarráð Akureyrar tók málið upp aftur í síðustu viku og samþykkti að óska eftir gögnum frá umhverfis- og mannvirkjasviði vegna frekari umræðu um málið í bæjarstjórn.



Enn verður fundað í stjórnkerfinu á Akureyri um afdrif kattanna í bænum.

fulltrúi, sem lagðist gegn banninu, segist vonast til að bæjarstjórn dragi fyrri ákvörðun til baka og kettir verði frjálsir áfram. Hin hörðu viðbrögð hafi ekki komið á óvart.

„Barna mæstast ólík sjónarmið. Við höfum séð aðra könnun um þetta mál með ólíkum niðurstöðum, báðir hópar hafa nokkuð til síns máls. Mér finnst málið snúast um að skapa samfélag þar sem flestum líður vel, þar sem umburðarlyndi er í öndvegi fyrir fólki með ólíkar þarfir,“ segir Hilda Jana.

„Það hefði þurft að skoða þetta mál betur áður en bannið var samþykkt,“ bætir hún við. ■

Borgin gagnrýnir harðlega áætlun forsætisráðherra um hinsegin fólk

Að mati Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar gengur framkvæmdaáætlun í málefnum hinsegin fólks of skammt. Beinar aðgerðir skorti sem og fjármögnun.

kristinnhaukur@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar gagnrýnir nýja framkvæmdaáætlun Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra í málefnum hinsegin fólks. Telur borgin ekki nóg um framkvæmdir í áætluninni og að ekki fylgi nægt fjármagn.

Drög að áætluninni voru lögð fram í lok janúar og er hún í 17 liðum. Aðeins er gert ráð fyrir aukafjármagni í tveimur liðunum, 40 milljóna framkvæmdasjóði sem nýttur verður á fjögurra ára tímabili og 5 milljónum í kortlagningu á stöðu og réttindum hinsegin fólks á Íslandi. Aðrir liðir, til dæmis um hatusorðræðu, aðgengi trans fólks, fræðsla og rannsóknir, eiga að rúmast innan fjárheimilda viðkomandi ráðuneyta.

„Við óttumst að þetta verði aðeins tímabundið en ekki hluti af kerfinu til framtíðar. Ef við ætlum að breyta kerfinu þá kostar það peninga,“ segir Svandís Anna Sigurðardóttir, sérfræðingur í málefnum hinsegin fólks hjá skrifstofunni.

Hún segist ekki hafa ákveðna tölu í huga varðandi þessa aðgerðaáætlun, en þegar fyrri áætlanir hafi verið gerðar hafi mjög ákveðnar peningaupphæðir fylgt flestum liðum. Dæmi um þetta séu áætlanir í jafn-



Samkvæmt áætluninni eru 45 milljónir settar í málaflökkinn á næstu fjórum árum.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

”Hvenær ætlum við að fara að gera eitthvað annað en að skoða stöðuna og sjá að hún er ekki nógu góð?



Svandís Anna Sigurðardóttir, sérfræðingur í málefnum hinsegin fólks

réttismálum og um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess. Svandís veltir því fyrir sér hvers vegna þetta sé ekki gert núna, hvort það sé ekki til peningar í þetta málefni.

Gagnrýni Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofunnar beinist að mörgum þáttum áætlunarinnar, ekki aðeins fjármögnuninni. Einna helst beinist hún að því sem lýtur að menntamálum, heilbrigðismálum og málefnum hinsegin flóttafólks og hælisleitenda.

Hvað varðar menntamálin, sem dæmi, sé ekki á dagskrá að gera neitt áþreifanlegt umfram það sem þegar er í lögum og reglum. Lög um jafna stöðu kynjanna séu góð og í aðalnámskrá sé nú þegar stór kafli um jafnrétti, kynhneigð og hinsegin

fræði. Í áætluninni eigi til að mynda að kanna liðan hinsegin barna og ungmenna í skólum. Könnun sem þegar hefur verið gerð áður.

„Rannsóknir og kannanir eru af hinu góða. En núna finnst okkur tími kominn til að taka næstu skref. Til dæmis er varðar hinsegin börn og skólakerfið. Hvenær ætlum við að fara að gera eitthvað annað en að skoða stöðuna og sjá að hún er ekki nógu góð?“ spyr Svandís.

Koma þurfi hinsegin málefnum inn í langtímahugsun stjórnvalda. Til dæmis með því að fylgjast með liðan hinsegin barna í gegnum þær reglubundnu kannanir sem fram fara í grunnskólum. „Stóra ákallið frá okkur er að nú þurfi að framkvæma,“ segir Svandís. ■



**brrrilljant
þvottaefni fyrir
KALDAN
ÞVOTT**

Gætið þess að börn nái ekki í vöruna. www.msb.is



Íbúafundur borgarstjóra í Vesturbæ

Borgarstjóri býður til opins íbúafundar miðvikudaginn 9. febrúar kl. 20:00 fyrir íbúa í Vesturbæ.

Á fundinum kynnir borgarstjóri það sem er efst á baugi í hverfinu og mun eiga samtalið við íbúa um framtíð hverfisins.

Íbúar geta sent fyrirspurnir á netfangið ibuafundir@reykjavik.is eða sett á upplýsingasíðu fundarins.

Fundinum verður streymt á reykjavik.is/ibuafundir

Dagskrá íbúafundar

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri
Vesturbær

Lúðvík S. Georgsson
formaður KR
Hjarta Vesturbæjarins - Kynning á nýju deiliskipulagi fyrir KR-svæðið og hugmyndum félagsins

Nadine Guðrún Yaghi
íbúi í Vesturbæ
Vesturbærinn - borg í bæ

Spurningar og svör

Birgir Þróstur Jóhannsson
formaður íbúaráðs Vesturbæjar
Fundarstjóri



Reykjavíkurborg

Veðuröfgar



Elin Hirst
elinhirst
@frettabladid.is

Því er spáð að öfgar í veðurfari fari vaxandi á næstu árum vegna aukinnar losunar gróðurhúsa-lofttegunda út í andrúmsloftið af mannavöldum. Rétt er að taka fram að lægðin djúpa sem gekk yfir landið í gær og í fyrrinótt var að öllum líkindum dæmigerð íslensk vetrarlægð, en talið er að í framtíðinni gætu slík öfgaveður orðið algengari hér á landi. En slík óveður vekja fólk til umhugsunar um hvernig veðurfari er að breytast í heiminum.

Öfgar í veðurfari af völdum loftslagsbreytinga eru þegar orðnar staðreynd víða um heim. Má þar nefna að stærri fellibyljir eru tíðari, svæsnari hitabylgjur, flóð, ofsapurrkar og aftakaúrkoma með tilheyrandi manntjóni, eignatjóni, uppskerubresti og gróðureldum.

Veðuröfgarnar taka á sig alls konar myndir. Sögulegt kuldakast varð í Texas og fleiri ríkjum í sunnanverðum Bandaríkjunum í fyrra þar sem hitinn fór niður í mínus 18 gráður á Celsíus síðasta vetur. Flestir tengja loftslagsbreytingar við hækkingu hitastigs en málið er ekki svo einfalt. Hlýnun á norðurslóðum yfir köldu lofti mun lengra suður á bóginn en áður hefur þekktst eins og í þessu tilfelli.

Menn áttu líka erfitt með að trúa því þegar þeir litu á hitamælinn á einum kaldasta stað veraldar í Norður-Síberíu í júní árið 2020 en mælirinn sýndi +38 gráður á Celsíus. Lægsti hiti sem hafði mælst í bænum var -68 gráður á Celsíus, þannig að hér var um að ræða sveiflu upp á 106 gráður.

Hættumerkin eru alls staðar en samt þokast óhugnanlega hægt að draga úr losun. Athygli vakti þegar ráðherra frá Kyrrahafseyju flutti ávarp sitt á loftslagsráðstefnunni í Glasgow, COP26, þar sem hann stóð í hnédjúpu vatni, en á eyjunum er nú þegar víða neyðarástand vegna hækkingu sjávarstöðu. En því miður skilaði loftslagssamningurinn sem undirritaður var á COP26 engum stórum byltingum, þrátt fyrir ákaft ákall.

Samkvæmt nýlegri könnun telja sextíu prósent ungmenna mannkynið dauðadæmt vegna hnattrænna loftslagsbreytinga. Vantrú á stjórnvöld fer vaxandi og ungmennin upplifa sig valdalaus.

Loftslagskviði ungmenna er sem faraldur sem mun bitna á geðheilsu núverandi og komandi kynslóða. Ekki er þó hægt að líta fram hjá því sem er að gerast eða þegja um það. Vonandi verða hinar slæmu horfur til að auka drifkraftinn enda er mannkynið þekkt fyrir að láta ekki deigan siga þótt á móti blási. ■

■ Halldór



■ Frá degi til dags

toti@frettabladid.is

Tveggja Smára Verbúð

„Mér skilst að í Verbúð kvöldsins hafi verið tveir blaðamenn, Gunnar Smári og Smári,“ skrifaði Karl Th. Birgisson á Facebook að loknum síðasta þætti Verbúðar þar sem þeir tókust á blaðamennirnir Smári, sem Hilmir Snær leikur, og ný persóna, Pressuritstjórinn Gunnar Smári. Karl rakti Smárana tvo síðan til handritshöfundarins Mikæls Torfasonar, sem hóf blaðamannsferil sinn sem skutilsveinn hins eina sanna Smára. „Mikki Torfa verður vitaskuld að hafa sín blæti óareitt, en hefði verið ofilagt að láta annan þeirra heita Jónas? Styrmí? Eða bara Jakob til þrautaþrautavara?“

Tvöföld pressa

Þessar pælingar Karls springa síðan út í aðra vídd þegar horft er til þess að leikarinn Hákon Jóhannesson túlkaði Gunnar Smára með tilþrifum og hárgreiðslu sem minntu frekar á Karl sjálfan en hinn eina sanna nafna persónunnar. Karl virtist líka eitthvað kannast við kauða ef marka má tilsvar hans á Facebook: „En drengurinn nær mér ágætlega, ef sú var ætlunin. Sem ég efast um.“ Svo sem ekki algalið að þeir Karl og Smári hafi runnið saman í einni persónu þar sem Karl tók einmitt við ritstjórastarfi á Pressunni þegar Gunnar Smári var rekinn 1993 og þeir hafa af og til eldað grátt silfur. ■

Fjármál borgarinnar koma okkur við



Valgerður Sigurðardóttir
borgarfulltrúi
Sjálfstæðisflokksins

Hver hefur ekki staðið sig að því að blóta ríkinu þegar rúllað er yfir launaseðilinn og maður sér hversu hátt hlutfall heildarlauna fer í skatta? Við erum öll meðvituð um að reka þarf gott heilbrigðiskerfi, menntakerfi, löggæslu ásamt öðru. En er það svo að allir þessir peningar renni beint í ríkissjóð? Nei, er svarið. Hvað verður þá um peningana ef ríkið er ekki að sofa þá alla til sín, jú, þeir renna til þess sveitarfélags sem þú býrð í. Á höfuðborgarsvæðinu er Reykjavík eina sveitarfélagið sem innheimtir hámarksútsvar eða 14,52%. Það þýðir að einstaklingur sem er með 650 þúsund í laun á mánuði og á lögheimili í Reykjavík greiðir 90.605 kr. til Reykjavíkurborgar og 68.643 kr. til ríkisins. Einstaklingur með 450 þúsund á mánuði greiðir 62.726 kr til Reykjavíkurborgar og 23.523 til ríkisins.

Það er staðreynd að sveitarfélög eru að taka háar upphæðir af launafólki og í mörgum tilfellum meira en ríkið. Eigum við ekki að vera meðvitaðri um fjármál sveitarfélaganna? Skuldir Reykjavíkurborgar voru í upphafi kjörtímabilsins 299 milljarðar en nema núna 400 milljörðum. Skuldirnar hafa vaxið hratt á kjörtímabilinu, samkvæmt áætlun er gert ráð fyrir að þær verði 453 milljarðar árið 2025. Þessar staðreyndir eiga að gera það að verkum að við gerum meiri kröfur til Reykjavíkurborgar og förum fram á að skattpeningum okkar sé betur varið í þá grunnþjónustu sem sveitarfélaginu ber skylda til þess að reka. Fréttir um lélegt viðhald skólabygginga þar sem fjármagnið sem átti að fara í viðhaldið var sett í önnur verkefni sem þóttu meira „spennandi“ eiga að vekja okkur til umhugsunar og krefjast þess að hér sé vel farið með okkar sameiginlegu eigu og þá fjármuni sem stjórnmalamenn úthluta í hin og þessi verkefni. Fjármunir sem við sjáum á launaseðlinum að eru teknir af okkur. ■

Skuldir Reykjavíkurborgar voru í upphafi kjörtímabilsins 299 milljarðar en nema núna 400 milljörðum.

NÝBAKAÐ
BRAUÐ
ALLA DAGA

- Austurströnd 14
- Hringbraut 35

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30

laugardaga 8.00 - 16.00

sunnudaga 9.00 - 16.00

www.bjornsbakari.is

Lítil saga af vinnumarkaði



Ingunn Ólafsdóttir
lögfræðingur og
mannauðsstjóri

Um daginn var mér sögð ansi áhuga-verð saga af hámenntuðum og reynslumiklum 52 ára stjórnanda, sem gekk illa að finna sér nýtt starf við hæfi. Hann ákvað að gera litla tilraun og sótti um starf hjá einum 60 fyrirtækjum. Hann útbjó tvö sett af ferilskrám og kynningarbréfum og sendi inn umsóknir til fyrirtækja, þar sem sérfræðingar í hans geira voru stór hluti af starfsmannahópnum. Annar umsóknapakinn innihélt ferilskrá og kynningarbréf tilbúins 34 ára gamals sérfræðings, með góða menntun og reynslu. Í hinum pakkanum var sambærileg ferilskrá og kynningarbréf, en þó ívið meiri reynsla og þekking, en þar var umsækjandinn 18 árum eldri, eða 52 ára. 54 fyrirtæki sýndu áhuga og svöruðu umsókn 34 ára gamla umsækjandans en ekki eitt einasta fyrirtæki svaraði umsókn þess 52 ára. Hann var ekki virtur viðlits. Þessi litla saga lýsir að minu mati mjög vel því sem er að gerast á vinnumarkaði í dag. Þessi tilraun var gerð á dönskum vinnumarkaði, en ég leyfi mér að fullyrða að sambærileg þróun sé að eiga sér stað hér á Íslandi.



Í nóvember 2021 voru hátt í 600 háskólamenntaðir einstaklingar 50 ára eða eldri á atvinnuleysisrá á Íslandi. Sú staðreynd segir okkur að þarna er mikil og dýrmæt þekking að glatast. Svo ekki sé minnst á beinan útlagðan kostnað ríkisins í formi atvinnuleysisbóta, en fullar atvinnuleysisbætur fyrir 600 manns í 12 mánuði eru rúmlega 2,2 milljarðar.

Mín tilfinning er þó sú, að það séu mun fleiri sérfræðingar á þessum aldri, sem hafi misst vinnuna og ekki

fengið ný störf þrátt fyrir að hafa leitað mikið fyrir sér. En til þess að hafa einhverja fjárhagslega afkomu bjóða þeir upp á ýmskonar ráðgjöf, enda margir með mikla, dýrmæta og eftirsóknarverða þekkingu. Í stað þess að þiggja atvinnuleysisbætur fara þeir á hinn svokallaða „gigg“ markað. Sjálf þekki ég marga sérfræðinga og „giggara“ á þessum aldri, sem sinna ráðgjöf af misjöfnum mætti. Margir gera það að eigin ósk og gengur vel, en aðrir fara þessa leið þar sem engin önnur tekjuöflunarleið er

fær. Það er ansi súrt að vera á þeim stað í lífinu eftir jafnvel hátt í 10 ára rándýrt háskólanám og meira en 20 ára starfsreynslu að koma ekki til greina í störf, sem samkvæmt lýsingu í atvinnuauðlýsingu henta fullkomlega við menntun og reynslu og kalla jafnvel á minni menntun og reynslu. Ég tala hér af eigin reynslu, en ég er 58 ára og missti mína vinnu á síðasta ári og er einmitt í þessari stöðu.

Sérstaklega finnst mér umhugsunarvert að þessi þróun skuli eiga sér stað á sama tíma og sífellt meiri

”

Því sé ljóst að hækka þurfi lífeyrisgreiðslu-aldur.

áhersla er lögð á fjölbreytileika og jafnrétti innan vinnustaða. Nú þykir það skipta máli fyrir afkomu fyrirtækja að hafa sem fjölbreyttastan starfsmannahóp sem er samsettur úr öllum kynjum, mismunandi bakgrunni, þjóðernum og trúarbrögðum og fleiru. En það virðist ekki skipta eins miklu máli að blanda saman reynslumeiri og reynsluminni starfsmönnum. Ekki síður finnst mér þessi þróun umhugsunarverð í ljósi þeirrar staðreyndar að lífaldur okkar er sífellt að hækka. Nú eru uppi raddir sem segja að lífeyris- og eftirlaunasjóðir muni eiga í erfiðleikum í framtíðinni með að standa við skuldbindingar sínar og að greiðslur úr sjóðunum muni ekki duga í þá þrjá til fjóra áratugi, sem fyrirséð er að þurfi. Því sé ljóst að hækka þurfi lífeyrisgreiðslu-aldur, sem þýðir jú að einstaklingur þarf að vera á vinnu- markaði og afla sér lífsviðurveris lengur en þurft hefur hingað til. Hér finnst mér ekki fara sama hljóð og mynd. ■

Ný forysta í Hafnarfirði



Helga Þóra Eiðsdóttir
sækist eftir 2. sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Hafnarfirði

Í byrjun árs fékk ég óvænt símtal frá Guðmundi Árna Stefánssyni, sem hvatti mig til að bjóða mig fram í efstu sæti í flokksvali Samfylkingarinnar til bæjarstjórnar í Hafnarfirði. Ég var ekki lengi að gera upp hug minn þar sem mér hefur í gegnum tíðina þótt vanta fólk með reynslu úr atvinnulífinu í bæjar- pólitíkina. Samfylkingin þarf fólk í forystu flokksins sem býr yfir þeirri reynslu og þekkingu.

Ég hef alla mína tíð starfað við markaðs- og sölumál og að mínu mati er sterk tenging á milli stjórnmála og markaðsmála sérstaklega í bæjarmálum. Hvernig er bær eins og Hafnarfjörður kynntur og markaðssettur t.d. með það að leiðarljósi að koma í veg fyrir að fólkið okkar flytji úr bænum og að fá fólk úr öðrum bæjarfélögum til að flytja til Hafnarfjarðar?

Því miður finnst mér Hafnarfjörður hafa dregist aftur úr nágrannabæjarfélögunum hvað varðar að laða til sín ungt fólk. Hlutfallslega hefur fjölgun íbúa í Garðabænum verið mest eða 4,5% árið 2020 með tilkomu Urriðaholtsins sem er umhverfis- og vistvottað. Sama ár var fólksfækkun í Hafnarfirði upp á tæpt 1%. Á síðasta ári stóð Hafnarfjörður nánast í stað á meðan íbúum í Garðabæ fjölgaði um 4,3%.

Hafnarfjörður verður að sækja fram til að laða til sín ungt fólk. Sá hópur er framtíðin og er mjög meðvitaður um umhverfismál og sjálfbærni. Tveir stórir málaflakkar sem hafa því miður ekki verið í forgangi og í takt við þá þróun sem er að eiga sér stað bæði hjá fyrirtækjum og heimilum í samfélaginu.

”

Erum við ekki tengd við þá þróun sem á sér stað alls staðar í hinum vestræna heimi?

Leikskólamálin skipta miklu máli fyrir ungt fólk og er ekki boðlegt að börn komist ekki að fyrr en við u.þ.b. 20 mánaða aldur. Mannekla er stórt vandamál hjá leikskólunum og hafa foreldrar, meira að segja fyrir Covid-faraldurinn, þurft að fara úr vinnu og ná í börn sín þar sem ekkert má koma upp á eins og veikindi starfsfólks o.s.frv. Þetta er grundvallaratriði sem einfaldlega verður að laga. Það þarf svo sannarlega bæði að bæta kjör starfsfólks leikskóla og fjölga plássum.

Eitt lítið dæmi sem sýnir hvað við erum því miður ekki í takt við samfélagið. Rafbílum hefur fjölgað hratt á Íslandi. Hleðslustöðvar í nýjustu íbúðahverfunum hér í Hafnarfirði eru afar fáar og ekki staðsettar við fjölbýli sem er bagalegt. Erum við ekki tengd við þá þróun sem á sér stað alls staðar í hinum vestræna heimi? Í nýjum hverfum á höfuðborgarsvæðinu skiptir aðgengi að hleðslustöðvum miklu máli í ákvarðanatöku um búsetu.

Er Hafnarfjarðarbær með sterka stefnu og framtíðarsýn fyrir bæjarfélagið í heild sinni fyrir unga sem aldna? Hver er t.d. samfélagsleg ábyrgð og stefna bæjarfélagsins gagnvart íbúum og fyrirtækjum?

Við eigum og höfum alla burði til að vera það bæjarfélag sem er fremst í þeim málaflökum sem styrkja innviðina og varða okkur öll. Ég er viss um að sterkur listi Samfylkingarinnar mun láta verkin tala og leiða Hafnarfjörð inn í nýja og betri framtíð fyrir okkur öll.

Ég er svo sannarlega til í slaginn og býð mig fram til forystu í annað sæti listans.

Áfram til árangurs og samvinnu. ■

Atvinnubærinn Fjarðabyggð



Ragnar Sigurðsson
bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Fjarðabyggð og varaþingmaður

”

Slik uppbygging í Fjarðabyggð kallar á þróun á Austurlandi, fjölgun íbúða, uppbyggingu samgangna og innviða.

Öflugt og fjölbreytt atvinnulíf er forsenda framfara og undirstaða velferðar. Fjarðabyggð er glögg dæmi um það. Sveitarfélagið hefur vaxið af miklum krafti í rúman áratug og forsendur eru til að halda áfram á þeirri braut. Sjávarútvegur hefur löngum verið hreyfiafl atvinnulífs á svæðinu og tryggt undirstöður atvinnuuppbyggingar.

Tilkoma Alcoa Fjarðaáls skapaði þörf fyrir stærra atvinnusvæði sem ýtti á nauðsynlegar samgöngubætur og sameiningu sveitarfélaga. Sveitarfélagið hefur stækkað frá því álverið reis, íbúum fjölgað, atvinnutekjur aukist sem og fasteignaverð hækkað og svo mætti lengi telja.

Sjávarútvegur og stóriðjan hefur tryggt undirstöður fyrir áfram-

haldandi uppbyggingu. Nýjasta viðbótin, laxeldið, byggir á þeim stöðum. Uppbygging laxeldis var kærkomin búbot í kröftugri atvinnuuppbyggingu Fjarðabyggðar. Starfsmönnum í greininni hefur fjölgað ört og þjónustufyrirtæki laxeldisins hafa sprottið upp á meðan önnur fyrirtæki hafa þanið út sína þjónustu. Tilkoma laxeldisins eykur enn frekar á nauðsyn uppbyggingar

Egilsstaðafflugvallar svo hann geti annað fraktflutningum með ferskan fisk og aðrar vörur.

Grænn orkugarður

Grænn orkugarður er framtíðarhugmynd sem við bindum vonir við sem okkar næsta vaxtarsproti. Þróun í framleiðslu rafeldsneytis er hröð og eftirspurn eftir vistvænum orkugjöfum fyrir samgöngufarartæki mun aukast hratt á næstu árum og áratugum. Sá iðnaður getur skipt okkur sköpum í þeim orkuskiptum sem við bindum vonir við hérlandis og getur einnig orðið mikilvæg útflutningsgrein. Þá skapast ótal mörg tækifæri til frekari uppbyggingar sem hlíðarstarfsemi við rafeldsneytisframleiðslu svo nefnt sé heitt vatn til húshitunar, súrefni fyrir landeldi og áburðarframleiðsla.

Slik uppbygging í Fjarðabyggð kallar á þróun á Austurlandi, fjölgun íbúða, uppbyggingu samgangna og innviða.

Við tökum uppbyggingu fagnandi og horfum björtum augum fram á veg. ■





Yndislega móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Friðbjörg Þórunn Oddsdóttir
Ársölum 3,

lést á Droplaugarstöðum fimmtudaginn 20. janúar.
Útför fer fram frá Frikirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 10. febrúar kl. 15.00. Sérstakar þakkir til starfsfólks Droplaugarstaða fyrir hlýju og góða umönnun.

Rósa Skagfjörð Ingólfssdóttir
Sigurjón Ingi Ingólfsson
Óskar Þór Hjaltason
Valdimar Númi Hjaltason
Pálína Ósk Hjaltadóttir
Hallbjörg Jónsdóttir
Jónína Helgadóttir
Heiðar Kristinsson



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,
Ragnhildur Jóna Magnúsdóttir
frá Lambhól,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði miðvikudaginn 2. febrúar síðastliðinn.
Útför hennar fer fram frá Neskirkju fimmtudaginn 10. febrúar klukkan 13.

Streymt verður frá athöfninni á
www.youtube.com/watch?v=ICFMHu_G4vg

Sylvia Hrönn Kristjánsdóttir
Kristján Kristjánsson
Jóhannes Bragi Kristjánsson
Auður Kristjánsdóttir
Svava Hansdóttir
Guðmundur Bragason
Guðný Einarsdóttir
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Brynjólfur Gísli Kristinsson
andaðist á hjúkrunarheimilinu Grund 31. janúar sl. Sérstakar þakkir til heimilis og starfsfólks fyrir hlýlegt viðmót og góðar stundir. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

